

Fyrirtækjakort Síminn Pay - Skilmálar

1. Almenn

- 1.1. FYRIRTÆKJAKORTIÐ er þjónusta sem dótturfélag Símans hf., Síminn Pay ehf., kt. 471103-2250, Ármúla 25, 108 Reykjavík („Pay“ eða „við“), býður lögaðilum í gegnum þjónustuvef og appið. Með aðgengi að þjónustuvef getur reikningshafi virkjað, stillt og úthlutað kreditkort til einstakra starfsmanna sinna í samræmi við skilmála þessa. Jafnframt öðlast reikningshafi yfirsýn yfir útgjöld og gögn vegna þeirra.
- 1.2. Til þess að virkja og nota þjónustuna þarf reikningshafi að samþykkja að undirgangast neðangreinda skilmála Pay, eins og þeir eru á hverjum tíma. Í þeim tilvikum sem reikningshafi úthlutar starfsmanni sínum kreditkort er notkun þess korts jafnframt háð því að viðkomandi notandi sækir appið og samþykki viðeigandi skilmála. Skilmálarnir gilda um samningssamband Símans Pay og reikningshafa í tengslum við notkun þjónustunnar og greiðslulausnarinnar og tengdar þjónustur á þjónustuvef.
- 1.3. Útgefandi kreditkortsins er *Enfuce License Services Ltd.* („ELS“). ELS er finnskt fyrirtæki með heimilisfangið Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi, og með skráningarnúmerið 2992502-3. ELS er með starfsleyfi frá finnska fjármálaeftirlitinu sem rafeyris- og greiðslustofnun. Á grundvelli starfsleyfis síns í Finnlandi er ELS heimilt að sinna greiðsluþjónustu á Íslandi. Við útgáfu kreditkorts stofnast til beins viðskipta-sambands milli reikningshafa og ELS. Um útgáfu kreditkortsins, notkun þess og tengda þjónustu gilda skilmálar ELS ([Kortaskilmálar / Card Terms and Conditions]) eins og þeir eru á hverjum tíma. Samkvæmt samningi við ELS sinnir Pay ákveðinni þjónustu fyrir hönd ELS gagnvart reikningshafa, líkt og nánar er tilgreint í skilmálum ELS.
- 1.4. Almennir skilmálar Pay (skilmálar fyrir Pay og persónuverndarstefna), eins og þeir eru á hverjum tíma, eru skilmálum þessum til fyllingar. Sé misræmi milli almennra skilmála okkar og þessara skilmála, skulu ákvæði þessara skilmála ganga framár.

2. Skilgreiningar

- 2.1. *Appið*: Smáforritið „Síminn Pay“ sem er útgefið af Pay og er aðgengilegt í gegnum verslanir símtækja (s.s. Apple App Store eða Google Play Store).
- 2.2. *Korthafi*: Sá starfsmaður, eða annar einstaklingur tengdur reikningshafa, reikningshafa sem hefur fengið úthlutað kreditkort í nafni reikningshafa og á ábyrgð reikningshafa á grundvelli þjónustunnar.
- 2.3. *Aðalnotandi*: Sá sem reikningshafi hefur tilgreint sem aðalnotanda á svæði reikningshafa á þjónustuvef.
- 2.4. *Notandi*: Sá starfsmaður reikningshafa sem umsjónarmaður og/eða aðalnotandi hefur skráð sem notanda á svæði reikningshafa á þjónustuvef.
- 2.5. *Reikningshafi*: Reikningshafi er sá lögaðili sem er í samningssambandi við Pay og kortaútgefanda, og hefur fengið úthlutaðan aðgang að þjónustuvef Pay og hlotið þar með heimild til að virkja og úthluta kreditkort til starfsmanna og aðgang að tengdum þjónustum.
- 2.6. *Umsjónarmaður*: Sá sem reikningshafi hefur tilgreint sem umsjónarmann þjónustunnar á vegum síns félags og starfar hjá eða í umboði reikningshafa.
- 2.7. *Þjónustan*: Þjónustan samanstendur af (i) aðgengi að þjónustuvef, þar sem meðal annars er unnt að óska eftir útgáfu, virkjun og lokun kreditkorts í nafni reikningshafa, í samræmi við skilmála þessa, og (ii) úttektarheimild (lánsheimild) til handa reikningshafa sem samþykkt er af Pay á hverjum tíma og reikningshafi getur nýtt á grundvelli kreditkorta sem útgefin eru af kortaútgefanda. Með aðgengi að þjónustuvef hefur reikningshafi einnig aðgang að tengdum þjónustum sem standa til boða hverju sinni, sbr. einnig gr. 1.1. Nánari upplýsingar um notkun og virkni þjónustunnar má nálgast á vef Pay www.siminnpay.is.
- 2.8. *Kortaútgefandi*: Enfuce License Services Ltd., staðsett í Finnlandi og með starfsleyfi frá finnska fjármálaeftirlitinu, sbr. nánari umfjöllun í gr. 1.3.

- 2.9. *Kreditkort*: Rafrænt kreditkort útgefið til handa reikningshafa frá kortaútfefanda, á grundvelli samningssambands reikningshafa við Pay og kortaútfefanda, í samræmi við skilmála Pay og kortaútfefanda.
- 2.10. *Pay/við*: Síminn Pay ehf., kt. 471103-2250, Ármúla 25, 108 Reykjavík. Síminn Pay ehf. er dótturfélag Símans hf.
- 2.11. *Þjónustuvefur*: Vefsvæði á ábyrgð og í rekstri Pay, hýst hjá vinnsluaðila Pay á Íslandi. Á þjónustuvef fær reikningshafi úthlutað aðgangsstýrðu svæði fyrir sitt félag til að stofna, úthluta og virkja kreditkort, framkvæma ýmsar stillingar fyrir hvert kreditkort og nálgast gögn tengd notkun kreditkorta sinna. Jafnframt fær reikningshafi aðgang á þjónustuvef að tengdum þjónustum sem standa honum til boða á hverjum tíma.
- 2.12. *Umsækjandi*: Sá lögaðili sem sækir um að fá aðgang að þjónustunni, þ.m.t. að fá útgefið kreditkort á ábyrgð lögaðilans. Uppfylli umsækjandi skilyrði þjónustunnar og Pay samþykkir umsóknarbeiðni umsækjanda verður lögaðillinn reikningshafi í skilningi skilmála þessa.

3. Virkjun þjónustunnar

- 3.1. Til þess að unnt sé að virkja þjónustuna og fá úthlutaðan aðgang að þjónustuvef hjá Pay þarf umsækjandi að:
- (i) senda skriflega umsókn til Pay,
 - (ii) vera með íslenska kennitölu,
 - (iii) tilgreina nafn, kennitölu, farsímanúmer og vinnunetfang aðalnotanda, sem skal jafnframt vera með gild rafræn skilríki,
 - (iv) hafa staðist áreiðanleikakönnun og afhent umbeðnar upplýsingar vegna reglna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka,
 - (v) samþykkja skilmála þessa, tilboð og/eða verðskrá vegna Fyrirtækjakorts Pay.
- 3.2. Til viðbótar þeim skilyrðum sem tilgreind eru í gr. 3.1 áskiljum við og/eða útgefandi kreditkortsins sér rétt til að afla frekari upplýsinga sem talin eru nauðsynleg í tengslum við mat á afgreiðslu umsóknar eða veitingu þjónustunnar, s.s. til að meta fjárhag og/eða láns hæfi umsækjanda. Við mat á umsókn og ákvörðun úttektarheimilda umsækjanda er m.a. byggt á upplýsingum okkar, móðurfélags okkar, Símans hf., og upplýsingum annarra, svo sem Creditinfo

Lánstraust hf. Vakin er athygli á því að slík upplýsingaöflun tekur einungis til umsækjanda og/eða eftir atvikum fyrirsvarsmanna hans, þ.m.t. aðalnotanda. Sjá nánari upplýsingar um þá vinnslu í persónuverndarstefnu Síminn Pay. Áskilinn er réttur til að afla þeirra upplýsinga sem tilgreindar eru í þessari gr. 3 hvenær sem er á meðan reikningshafi er í viðskiptum við okkur, sé talin þörf á. Reikningshafi skal upplýsa okkur um allar breytingar á veittum upplýsingum.

- 3.3. Við áskiljum okkur rétt til að hafna beiðni um virkjun þjónustunnar af hvaða ástæðu sem er, óháð því hvort framangreind skilyrði séu uppfyllt, í heild eða hluta.
- 3.4. Komi til þess að reikningshafi uppfylli ekki lengur skilyrði samkvæmt skilmálum þessum, eða af öðrum ástæðum sem gætu valdið okkur tjóni eða orðsporshnekki, er okkur heimilt að loka fyrir þjónustuna og gjaldfella allar útistandandi kröfur fyrirvaralaust og án uppsagnar.

4. Notkun á þjónustuvef og úthlutun kreditkorts

- 4.1. Einungis Pay getur útvegað aðalnotanda aðgang að þjónustuvef. Að því loknu er aðalnotanda unnt að útvega umsjónaraðila og/eða notendum aðgang að þjónustuvefnum, m.t.t. hlutverks viðkomandi og heimilda sem fylgja mismunandi aðgangsheimildum. Allar aðgerðir sem eru framkvæmdar á þjónustuvef af hálfu reikningshafa eru alfarið á ábyrgð reikningshafa, þ.m.t. úthlutun viðeigandi aðgangsheimilda. Ber aðalnotanda, fyrir hönd reikningshafa, að kynna sér leiðbeiningar Pay um notkun þjónustuvefs á www.siminnpay.is og kynna umsjónaraðila og/eða öðrum notendum þær leiðbeiningar, áður en aðalnotandi veitir þeim aðgang að þjónustuvef fyrir hönd reikningshafa.
- 4.2. Einungis aðalnotandi getur tilgreint umsjónarmann og/eða notanda á þjónustuvef. Aðalnotandi hefur heimild til að framkvæma sömu aðgerðir og umsjónarmaður á þjónustuvef og hefur aðgang að öllum upplýsingum sem skráðar hafa verið á þjónustuvef um umsjónarmann, notanda og korthafa.
- 4.3. Ef umsjónarmaður er tilgreindur af hálfu aðalnotanda fær hann úthlutaðan aðgang að svæði reikningshafa á þjónustuvef og hefur

heimild til að framkvæma aðgerðir þar í nafni reikningshafa, þ.m.t. að virkja kreditkort og úthluta þeim til korthafa og veita notendum aðgang að þjónustuvef.

- 4.4. Notandi hefur takmarkaðan aðgang á þjónustuvef, þ.m.t. þeirra stillinga sem umsjónarmaður og/eða aðalnotandi hefur gert hjá viðkomandi notanda með hliðsjón af hlutverki notanda hjá reikningshafa.
- 4.5. Einungis umsjónarmaður eða, eftir atvikum, notandi með tilskilin réttindi á þjónustuvef getur óskað eftir útgáfu, virkjun eða lokun kreditkorts. Útgáfa og virkjun kreditkorts er ávallt háð því að umsjónarmaður eða notandi með tilskilin réttindi á þjónustuvef hafi skráð viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar á þjónustuvef um korthafa og valið þær stillingar sem eiga við um hvert kreditkort, sbr. gr. 5.
- 4.6. Reikningshafi skal tryggja að aðalnotandi og, ef við á, umsjónarmaður eða aðrir þeir sem koma fram fyrir hönd reikningshafa gagnvart okkur, hafi fullnægjandi heimildir til að skuldbinda félagið, svo sem á grundvelli stöðuumboðs, prókúru eða sérstaks umboðs. Reikningshafi ábyrgist gagnvart Pay að aðalnotandi og, ef við á, umsjónarmaður, hafi slíkar heimildir.
- 4.7. Reikningshafi ábyrgist gagnvart Pay að allir korthafar séu starfsmenn reikningshafa.
- 4.8. Öll notkun reikningshafa á þjónustunni, þ.m.t. þjónustuvef, og þeirra sem notfæra sér þjónustuna fyrir hans hönd, skal samræmast lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum, sem og leiðbeiningum og/eða fyrirmælum Pay.
- 4.9. Reikningshafi ber alfarið ábyrgð á og er bundinn af hvers kyns aðgerðum og skráningum sem framkvæmdar eru á þjónustuvef fyrir hans hönd, þ.m.t. í tengslum við skráningu persónuupplýsinga, hvort sem slíkar aðgerðir eða skráningar eru framkvæmdar af hálfu aðalnotanda, umsjónaraðila eða notanda, og óháð heimildum þeirra til að skuldbinda reikningshafa.
- 4.10. Kreditkort er virkjað í appinu eða í rafrænu veski í símtæki korthafa, að því gefnu að uppfyllt séu önnur skilyrði samkvæmt skilmálum þessum og skilmálum kortaútfefanda og tiltekna stillingar hafi verið gerðar í símtæki korthafa.

5. Úttektarheimild, úttektartímabil og stillingar kreditkorts

- 5.1. Úttektarheimild hvers kreditkorts skal skráð af umsjónarmanni og/eða notanda með tilskilin réttindi á þjónustuvef. Hafi Pay tilgreint úttektarheimild fyrir hvert kreditkort sem gefið er út í nafni og ábyrgð reikningshafa á grundvelli þjónustunnar, skulu úttektir á hverju kreditkorti innan hvers úttektartímabils aldrei nema hærri fjárhæð en sem henni nemur.
- 5.2. Eftir því sem ákveðið er af Pay skulu úttektarheimildir allra kreditkorta sem gefin hafa verið út í nafni og á ábyrgð reikningshafa á grundvelli þjónustunnar á hverjum tíma rúmast innan þeirrar úttektarheimildar (lánsheimildar) sem Pay hefur samþykkt fyrir reikningshafa hverju sinni.
- 5.3. Reikningshafa er heimilt að óska eftir hækkun úttektarheimildar í gegnum þjónustuvef, eftir atvikum gegn greiðslu gjalds samkvæmt gildandi verðskrá okkar hverju sinni. Pay er þó aldrei skylt að verða við beiðni um hækkun úttektarheimildar. Við áskiljum okkur jafnframt rétt til þess að fella niður eða lækka úttektarheimild reikningshafa og/eða einstakra kreditkorta í nafni reikningshafa án fyrirvara. Við áskiljum okkur jafnframt allan rétt til að framkvæma nýtt mat á láns- og/eða greiðsluhæfi reikningshafa og/eða kalla eftir frekari upplýsingum um reikningshafa komi fram beiðni um hækkun á úttektarheimild og til að gera auknar kröfur til láns- og/eða greiðsluhæfi þegar þörf þykir eða af lögum leiðir.
- 5.4. Úttektartímabil er tilgreind á vef Pay www.siminnpay.is, á þjónustuvef og í appinu.
- 5.5. Við úthlutun kreditkorta hefur umsjónarmaður og/eða notandi með tilskilin réttindi á þjónustuvef tök á að velja um mismunandi stillingar á kreditkortinu, svo sem í tengslum við virkjun eða lokun á kreditkorti, úttektarheimild, takmarkanir á notkun og sjálfvirkar tilkynningar um notkun af tilteknum toga. Nánari leiðbeiningar um úrval og virkni stillinga má nálgast www.siminnpay.is og á þjónustuvef. Ber reikningshafa að kynna sér vandlega slíkar leiðbeiningar áður en eru stillingar gerðar.
- 5.6. Reikningshafi ber ábyrgð á öllum úttektum sem framkvæmdar eru á kreditkortum sem gefin eru út í nafni og ábyrgð reikningshafa á grundvelli þjónustunnar.

6. Gjöld og reikningar

- 6.1. Kostnaður og önnur gjöld sem lögð eru á reikningshafa vegna þjónustunnar, þ.m.t. áskriftargjald og gjaldeyrisálag, eftir því sem við á, ákvarðast af verðskrá okkar, eins og hún er á hverjum tíma, nema Pay og reikningshafi hafi sérstaklega samið um annað. Gildandi verðskrá okkar hverju sinni er aðgengileg í Pay-appinu og á www.siminnpay.is.
- 6.2. Pay er heimilt að breyta verðskrá, þ.m.t. vöxtum, með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Breytingar á verðskrá verða tilkynntar reikningshafa í gegnum appið, þjónustuvef og/eða með tölvupósti.
- 6.3. Gefinn er út reikningur á hendur reikningshafa um hver mánaðamót. Reikningshafi skal greiða útgefinn reikning að fullu eigi síðar en á eindaga, ásamt vöxtum og þjónustugjöldum eftir því sem við á, í samræmi við mánaðarlegt yfirlit sem reikningshafi fær afhent.
- 6.4. Vextir greiðast ekki af úttektum sem greiddar eru að fullu á næsta gjalddaga eftir lok hvers tímabils.

7. Áhrif vanskila

- 7.1. Hafi krafa ekki verið greidd á eindaga áskiljum við okkur rétt til að senda reikningshafa innheimtuviðvörun og til þess að loka án fyrirvara fyrir þjónustuna og/eða segja henni upp, í báðum tilvikum að öllu leyti eða að hluta. Sé krafa í vanskilum getur það því leitt til þess að korthafi getur ekki notað kreditkort sitt og aðgengi reikningshafa að þjónustuvef lokað.
- 7.2. Reikningshafi samþykkir að vikið sé frá 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 um innheimtuviðvörun, sbr. 2. gr. sömu laga.
- 7.3. Á grundvelli lögmætra hagsmuna Pay er félaginu heimilt að miðla upplýsingum um vanskil reikningshafa sem hafa varað í a.m.k. 40 daga frá eindaga til Creditinfo Lánstrausts hf., til skráningar yfir vanskil. Með samþykkt skilmála þessara staðfestir reikningshafi að honum sé þetta kunnugt. Nánari upplýsingar um vanskilaskrá má finna á veffanginu www.creditinfo.is/lausnir-og-oggn/vanskilaskra.aspx.

8. Uppsögn

- 8.1. Hvorum aðila skal heimilt að segja upp þjónustunni með 30 daga fyrirvara, nema annað leiði af skilmálum þessum.

- 8.2. Við eftirtaldar aðstæður er Pay heimilt að segja þjónustunni upp einhliða og fyrirvaralaust og án aðvörunar og gjaldfella allar kröfur sínar á hendur reikningshafa, þ.m.t. áfallna vexti og önnur áfallin eða útistandandi gjöld:
- 8.3. Ef krafa sem stofnast hefur á grundvelli skilmála þessara er í vanskilum og slík vanskil hafa varað í 15 daga eða lengur.
- 8.4. Ef reikningshafi fer út fyrir úttektarheimild sína og slík vanskil hafa varað í 15 daga eða lengur.
- 8.5. Vegna árangurslauss fjárnáms sem gert var hjá reikningshafa, fram kemur ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans eða nauðasamningsumleitana eða eignir hans eru auglýstar á nauðungarupphæði eða ljóst er að mati Pay að slíkar aðgerðir séu yfirvofandi eða að reikningshafi muni að öðru leyti ekki geta staðið við skuldbindingar sínar.
- 8.6. Reikningshafi, aðalnotandi, umsjónaraðili, notandi eða korthafi misnotar þjónustuna, þ.m.t. úttektarheimild, eða kreditkort, svo sem með nýtingu sem telst brot á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, eins og þau lög eru hverju sinni, nú lög nr. 140/2018.
- 8.7. Ef reikningshafi vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt skilmálum þessum og sú vanræksla varir í meira en 15 daga.
- 8.8. Ef þjónustunni er sagt upp ber reikningshafa að greiða dráttarvexti af skuld sinni gagnvart Pay frá gjalddaga til greiðsludags. Dráttarvextir reiknast samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, samnær 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Upphafsdagur dráttarvaxta samkvæmt framangreindu er án tillits til þess hvort sá dagur er bankadagur eða ekki. Við útreikning dráttarvaxta er miðað við að 30 dagar séu í hverjum mánuði og 360 dagar í ári. Pay skal ávallt vera heimilt að ráðstafa öllum greiðslum fyrst til greiðslu á dráttarvöxtum, kostnaði hvers konar og elstu vanskilum jafnvel þótt greiddur greiðsluseðill sé merktur ákveðnum mánuði.

9. Ábyrgð

- 9.1. Tilvísanir til ábyrgðar í þessari grein 9 skulu ná til hvers konar ábyrgðar okkar á grundvelli eða að öðru leyti í tengslum við þjónustuna eða skilmála þessa, þar með talið en ekki

takmarkað við vegna hvers konar mistök, villur, vanrækslu, truflanir, tafa, galla eða tjóns, hvort sem er á grundvelli almennra skaðabótaeglna eða samninga.

9.2. Ákvæði þessarar greinar 9 skulu einungis sæta þeim takmörkunum sem leiðir af ófrávíkjanlegum lögum.

9.3. Við berum ekki ábyrgð á:

- (i) Nokkru því sem leiðir af eða tengist samningssambandi reikningshafa við kortaútfanda, þ.m.t. á grundvelli skilmála hans, hvort sem er gagnvart reikningshafa eða þriðja aðila.
- (ii) Hvers kyns aðgerðum og/eða skráningum sem framkvæmdar eru á þjónustuvef fyrir hönd reikningshafa, þ.m.t. í tengslum við skráningu persónuupplýsinga, hvort sem slíkar aðgerðir eða skráningar eru framkvæmdar af hálfu aðalnotanda, umsjónaraðila eða notanda, og óháð heimildum þeirra til að skuldbinda reikningshafa.
- (iii) Kaupa á vöru eða þjónustu sem greidd hefur verið með kreditkort, enda er réttarsamband um kaupin á milli reikningshafa og söluaðila, s.s. ef kreditkort er hafnað af söluaðila um úttekt, eða vegna hvers kyns ágreinings milli reikningshafa og/eða korthafa og söluaðila, né því tjóni sem leitt getur af því enda ber Pay ekki ábyrgð á kreditkortinu eða þjónustu sem því tengist.
- (iv) Tæknilegum bilunum eða villum í hugbúnaði, stýrikerfum, netkerfum, fjarskiptakerfum eða fjarskiptanetum, rofi eða truflunum í slíkum kerfum/netum, rafmagnsleysi, bilunum og/eða truflunum í tækjum og vélbúnaði, hvort sem slíkur búnaður er í eigu eða notaður af okkur eða notaður af öðrum.
- (v) Á atvikum eða aðstæðum sem okkur verður ekki kennt um eða við höfum ekki stjórn á, svo sem vegna atvika eða aðstæðna sem hljóta af ákvörðunum stjórnvalda, stríði, verkföllum, hafnarbönnum, farsóttum, atburðum á erlendum gjaldeyris- og fjármagnsmörkuðum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.
- (vi) Á óbeinu tjóni eða missi hagnaðar reikningshafa eða þriðja aðila, þar með talið en ekki takmarkað við söluhagnað,

viðskiptavild, tiltekin viðskipti og markaðshlutdeild.

(vii) Á tjóni sem ekki má leiða með beint af brotum okkar gegn skilmálum þessum.

(viii) Á tjóni sem leiða má af brotum reikningshafa, aðalnotanda, umsjónaraðila, notanda eða annarra sem eru á vegum reikningshafa eða koma fram fyrir hans hönd, gegn skilmálum þessum.

9.4. Heildarábyrgð okkar vegna tjóns á grundvelli eða í tengslum við skilmála þessa og þjónustuna skal í öllum tilvikum vera háð þeim takmörkunum sem greinir í almennum skilmálum Pay.

10. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

10.1. Á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 ber Pay að gera áreiðanleikakönnun á reikningshafa og forsvarsmönnum hans, áður en viðskipti eiga sér stað og kalla eftir helstu persónuupplýsingum um þá, s.s. nafni, kennitölu, lögheimili, símanúmeri og netfangi, auk staðfestingar á því að auðkenning hafi verið gerð í smáforritinu með rafrænum skilríkjum. Jafnframt ber reikningshafa að gefa Pay upplýsingar um það hvort viðskipti fara fram í þágu þriðja aðila, tilgang fyrirhugaðra viðskipta o.fl. Pay ber einnig að viðhafa eftirlit með því hvort framangreindir aðilar eru á lista yfir alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Er Pay skylt skv. lögum að varðveita upplýsingar sem verða til við framangreint í fimm ár frá því viðskipti áttu sér stað eða frá lokum samningssambands. Á grundvelli sömu laga hvíla tilteknar skyldur á Pay, þ.m.t. varðandi upplýsingagjöf til eftirlitsaðila og að stöðva grunsamleg viðskipti. Sama skylda hvílir á útgefanda kreditkortsins, ELS, og á grundvelli samnings tekur Pay jafnframt að sér að framkvæma áreiðanleikakönnun á reikningshafa og viðhafa eftirlit fyrir hönd ELS.

11. Höfunda- og hugverkaréttur

11.1. Skilmálar þessir hafa ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfunda- eða hugverkarétti Símans Pay eða þriðja aðila, þ.m.t. ELS, til viðskiptavinar eða notanda þjónustunnar. Um þetta vísast að öðru leyti til skilmála ELS og almennra skilmála Pay.

12. Meðferð persónuupplýsinga

- 12.1. Pay er nauðsynlegt að vinna með tilgreindar persónuupplýsingar um þá einstaklinga á vegum reikningshafa sem eru viðriðin þjónustunni og forsvarsmenn félagsins í tengslum við umsóknarferli. Í persónuverndarstefnu Pay (<https://www.siminn.is/skilmalar/personuverndarstefnur>) má finna nánari upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar eru unnar, um hverja, í hvaða tilgangi, á hvaða grundvelli o.s.frv. og vísast til þess sem þar kemur fram.
- 12.2. Við virkjun og notkun þjónustunnar safnar Pay tilteknum upplýsingum um notendur þjónustunnar og korthafa. Nánari umfjöllun um hvaða upplýsingum er safnað, í hvaða tilgangi og hvernig er unnið með þær er að finna í persónuverndarstefnu Pay (<https://www.siminn.is/skilmalar/personuverndarstefnur>).

13. Öryggi

- 13.1. Pay hefur innleitt sérstakar öryggisráðstafanir í þjónustunni til að tryggja gæði og virkni hennar. Reikningshafa og notendur á hans vegum er með öllu óheimilt að reyna fara í kringum slíkar öryggisráðstafanir eða framkvæma hvers kyns tilraunir sem gætu haft áhrif á öryggisráðstafanir þjónustunnar, efnisinnihald hennar, eða hvers kyns hug- eða vélbúnaði Pay eða kortaútgefanda. Vísast að öðru leyti til almennra skilmála Pay. Varðandi öryggisráðstafanir kortaútgefandans gilda skilmálar ELS.

14. Annað

- 14.1. Pay áskilur sér rétt til að gera tæknilegar breytingar eða uppfærslur á þjónustunni þegar þörf krefur, þ. á m. til að bæta þjónustuna. Skulu slíkar aðgerðir hafa sem minnst áhrif á notkun þjónustunnar hjá reikningshafa, eftir því sem frekast er unnt. Pay mun tilkynna reikningshafa, og eftir atvikum notendum, fyrirfram ef fyrirhuguð er breyting á þjónustunni sem gæti haft meiriháttar áhrif á notkun hennar, eftir því sem unnt er. Munu slíkar verða sendar í gegnum appið, þjónustuvef og/eða með tölvupósti.
- 14.2. Pay áskilur sér rétt til að hætta bjóða lausnina hvenær sem er án sérstakra skýringa. Komi til

þess verður reikningshafa tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

- 14.3. Með staðfestingu skilmála þessara samþykkir reikningshafi að samskipti við hann fari fram rafrænt, í gegnum appið eða þjónustuvef. Jafnframt að okkur sé heimilt að gera reikninga, yfirlit, innheimtuviaðvaranir, milliinnheimtubréf og upplýsingar um allar aðrar innheimtuaðgerðir af okkar hálfu, aðgengilegar reikningshafa í gegnum appið eða þjónustuvef. Reikningshafa verður þá eftir atvikum tilkynnt með smáskilaboðum, tölvupósti, tilkynningu í gegnum appið, þjónustuvef eða með öðrum samskiptaleiðum samkvæmt ákvörðun okkar hverju sinni, að viðkomandi skjal eða upplýsingar séu honum aðgengilegar í appinu eða á þjónustuvef.
- 14.4. Reikningshafa er óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum nema með fyrirfram samþykki okkar. Pay skal heimilt að framselja réttindi sín og skyldur skv. skilmálum þessum til félags innan sömu fyrirtækjasamstæðu eða þriðja aðila án samráðs eða samþykkis reikningshafa. Samþykkir reikningshafi að Pay sé heimilt að miðla hvers konar trúnaðarupplýsingum til mögulegra framsalshafa, sem stofnast kunna á grundvelli skilmála þessara eða þjónustunnar, og sem Pay metur nauðsynlegar vegna hugsanlegs framsals skv. framangreindu.
- 14.5. Kjósi Pay að hagnýta sér ekki strax, að fullu eða að hluta, þann rétt sem það hefur samkvæmt skilmálum þessum, takmarkar það ekki heimild hans eða möguleika til að hagnýta sér þann rétt síðar.

15. Lögsaga

- 15.1. Um þjónustuna og skilmála þessa gilda íslensk lög og skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

16. Gildistími og skilmálabreytingar

- 16.1. Skilmálar þessir eru gefnir út af Síminn Pay ehf. og voru síðast uppfærðir þann 01.03.2024 og gilda þar til nýir skilmálar taka gildi.
- 16.2. Pay áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum eða verðlagningu þjónustunnar, einhliða með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara. Verða slíkar breytingar tilkynntar reikningshafa með nægilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.